



LÖG ÍSÍ UM LYFJAMÁL

Grein 21: Önnur hlutverk og ábyrgð íþróttamanna og annarra aðila

21.1 Hlutverk og ábyrgð íþróttamanna

- a) Þekkja lyfjareglurnar og fara eftir þeim.
- b) Vera tiltækir fyrir sýnatöku.
- c) Bera ábyrgð á því sem þeir neyta og nota, hvað lyfjamisnotkun varðar.
- d) Upplýsa lækna og hjúkrunarfólk um þá skyldu að nota ekki bönnuð efni og aðferðir og að axla ábyrgð til að tryggja að fengin læknismeðferð brjóti ekki í bága við þessar lyfjareglur.

21.2 Hlutverk og ábyrgð aðstoðarfólks íþróttamanna

- a) Þekkja og fara eftir þessum lyfjareglum.
 - b) Vinna með lyfjaprófunaráætlun.
 - c) Beita áhrifum sínum á gildi íþróttamanna og athæfi til að ala á andúð á lyfjamisnotkun.
-